

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

36. árgangur

2014



Fermingarbörn í Garðabæ 2014

Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ

Sumarnámskeið Vífils í 26. sinn

18 ÁRA 5/9 2018

22 APRÍL LAGT INN
Á FRAMTÍÐARREIKNING
FERMINGARDAGUR 17 APRÍL 2014

13. apríl 5. sept 2013

5. sept 2012 152.000 kr

16. SEPT 2011 146.000 kr

4. maí 2011

7/9 2010

7/9 2009 100.000 kr

Útframlag 21/7 2008

16. SEPT 2007

5/9 2006 119.000 kr 6.000 kr

21/7 2006
Móttframlag 10.000 kr

4/9 2005 100.000 kr

11/11 2004 100.000 kr

8/9 2002

Gjöld 13. maí 2002
100.000 kr

LÁTTU FERMINGARPENINGINN
VAXA MEÐ ÞÉR



PHOTO: HUGBUDA 14-0308

FRAMTÍÐARREIKNINGUR GÓÐUR STAÐUR FYRIR FERMINGARPENINGANA

Framtíðarreikningurinn ber alltaf hæstu vexti verðtryggðra sparireikninga og er laus við 18 ára aldur. Hann er skynsamlegur staður fyrir fermingarpeningana, svo þeir nýtist í framtíðinni til að láta draumana rætast. Ef 30.000 kr. eru lagðar inn á Framtíðarreikning bætum við 5.000 kr. við.*

Hægt er að stofna Framtíðarreikning í næsta útibúi Arion banka.

 Arion banki

*Eitt móttframlag fyrir hvert fermingarbarn



Þrítugasti og sjötti árgangur

Það er mikill heiður að færa ykkur eitt elsta blað bæjarins. Fermingarblað Vífils hefur komið út á hverju ári síðan 1979.

Eins og fyrri blöð inniheldur það kynningu á starfi félagsins yfir árið og einnig lista yfir fermingarborn sem fermast í Garðabæ.

Sumarnámskeið Vífils

Á komandi sumri verða í boði sumarnámskeið Vífils eins og undanfarin tuttugu og fimm sumur. Í boði verða Grallara-, Útilífs- og Ævintýranámskeið.

Einnig mun smíðavöllurinn vera á sínum stað. Vonast er til að börn og ungmenni Garðabæjar sækja námskeiðin af sama kappi og áður og auðvitað eru nýir þátttakendur alltaf velkomnir!

Hátíðarhöld sumadagsins fyrsta

Vífill hefur árum saman staðið fyrir hátíðarhöldum í Garðabæ og að sjálfsögðu verður sumardagurinn fyrsti í umsjá Vífils, enda er þá afmælisdagur félagsins. Hvetjum alla Garðbæinga til að koma og taka þátt í hátíðarhöldum dagsins.

Landsmót á Hömrum

Í sumar verður Landsmót skáta haldið við Hamra á Akureyri. Mótið var síðast haldið á Úlfjótuvatni árið 2012. Venjulega eru Landsmót haldin á þriggja ára fresti, en örlítill hliðrun þurfti að eiga sér stað síðast svo Alheimsmót skáta í Svíþjóð og Landsmót á Íslandi myndu ekki skarast sumarið 2011.

Þema mótsins verður "í takt við tímann" og mun dagskrá mótsins endurspeglja það. Landsmót er einstök upplifun og eitthvað sem allir ættu að prófa. Fjölskyldubúðir verða í boði fyrir foreldra og aðra sem vilja taka þátt.

Heimasíðan og samkomusalur Vífils

Heimasíða Vífils, www.vifill.is er á sínum stað og minnum við áhugasama jafnt sem foreldra að vera duglega við að opna hana þar sem fréttir af krökkunum koma inn reglulega. Samkomusalurinn er áfram leigður út við ýmis tilefni og hægt er að kynna sér það nánar á heimasíðunni.

*Með skátakveðju,
Dögg Gísladóttir.*



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður:
Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Ritstjórn:
Dögg Gísladóttir
Hildur Hafsteinsdóttir
Björn Hilmarsson

Greinarhöfundar:
Huldar Hlynsson
Gréta Björg Unnarsdóttir
Ólafur Patrick Ólafsson
Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Myndir
Myndir úr myndasafni Vífils

Prófarkalestur
Gísli B. Ívarsson

Setning og umbrot
Sverrir Salberg Magnússon

Skátafélagið Vífill
Jötunheimar
Bæjarbraut 7

Veffang: www.vifill.is
Sími: 565 8820 og 565 8989
Netfang: vifill@vifill.is



Hátíðarhöld samkvæmt hefðinni

Mikið verður um dýrðir á sumardaginn fyrsta, enda sterk hefð um hátíðarhöldin í Garðabæ. Þau hafa ávallt verið í umsjá Vífils. Sumardagurinn fyrsti er um leið afmælisdagur félagsins, en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967 og verður því 47 ára á þessu ári.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13:00

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13:00 og skátaguðspjónustu í kirkjunni strax á eftir. Í kirkjunni verða meðal annars veittar viðurkenningar fyrir starf vetrarins. Við hvetjum alla Garðbæinga til að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofstaðaskóla

Skrúðganga hefst eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða um klukkan 14:00. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar. Skátaforingjar úr Vífli

munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og blásarasveitin um göngutakt og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofstaðaskóla Gunni og Felix skemmta

Við Hofstaðaskóla mun blásarasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá og ættu allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þar t.d. leiktæki, söng og skemmtiatriði. Veltibíllinn verður á staðnum og hinir landsfrægu Gunni og Felix skemmta á útisviði.

Skátakaffi og afmælisökur

Í samkomusal Hofstaðaskóla verður hið víðfræga skátatertuhlaðborð. Þar koma fjölskyldur úr bænum saman og fagna sumarkomunni og styrkja um leið skátastarfið og fara allir saddir og ánægðir heim að því loknu.

Nú mæta allir !

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo

viðamikla hátíð í bænum og vonumst til þess að sjá sem flesta Garðbæinga koma og taka þátt í hátíðarhöldunum. Hér á síðunni má sjá myndir frá hátíðinni í fyrra.



Starfið í rekkaskátasveitinni R.S. Islandus hefur verið með hefbundnu sniði síðan síðasta Fermingarblað leit dagsins ljós að því frátölu að 10 manns hafa bæst í hópinn. Sveitin hefur því verið með með stærra móti í ár eða um 35 manns sem þó eru misvirkir.

Sumarið er tíminn

„Sumarið er tíminn“ er sagt og var það að sjálfsögðu notað til hins ýtrasta eins og venjulega. Af helstu viðburðum sumarsins má nefna árlega árhátíð sveitarinnar í Vífilsbúð skála félagsins í Heiðmörk þar sem þemað var „breskt“. Einnig tók sveitin þátt í árlegu Landnemamóti í Viðey. Upp komu nokkur vandamál með tjöld þau sem höfð voru meðferðis (a.m.k. að hluta) en eins og skátum sæmir voru þau leyst farsælega og almenn ánægja með mótið þótt veðrið hafi ekki verið eins gott og undanfarin ár.

Fjölmenasta rekkasveitin

Eins og áður segir voru 10 nýir rekkaskátar teknir í sveitina í haust og varð hún þar með stærsta rekkaskátasveit á landinu að því er heimildir herma. Þar á meðal er svissneskur skiptinemi Daria Magdalena Wittwer. Vígsluútilega var farið í Vífilsbúð í september og í lok mánaðarins veitti Eyrún Ósk Stefánsdóttir Forsetamerkinu viðtöku við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Smiðjudagar voru haldnir í október sem og hin árlega félagsútilega sem að þessu sinni fór fram í Bláfjöllum.

Fundað reglulega

Að öðru leyti hefur starfið í sveitinni verið með hefðbundnu sniði eins og áður segir og á það bæði við haust- og vorönn. Fundir hafa verið haldnir einu sinni í viku þar sem unnið hefur verið að ýmsum verkefnum og



ýmis málefni rædd. Einn fundur í mánuði hefur verið í umsjón Hjálparveitar skáta í Garðabæ (HSG). Einnig stendur yfir undirbúningur fyrir Landsmót skáta 2014 sem haldið verður í sumar á Hömrum við

Akureyri, en frá því verður vafalaust sagt í næsta Fermingarblaði.

Ólafur Patrick Ólafsson
Sveitarforingi

Grænir Skátar

Bandalag íslenskra skáta er í stórsókn. Grænir skátar er átak á landsvísu og hafa öll skátafélög landsins fengið til sín sérstaklega merкта söfnunarkassa fyrir einnota godósir og glerflöskur.

Skátafélagið Vífill hvetur alla sína velunnara til þess að koma með dósir og flöskur og setja í söfnunarkassann. Með því styrkið þið þróttmikið æskulýðsstarf í bænum og haldið Garðabæ hreinum.



Sigurður
Lögg. fasteignasali
898 6106

Hafðís
Sölustjóri
895 6107

Árni
Lögg. fasteignasali
893 4416

Dórothea
Sölufulltrúi
898 3326

Sigurbjörn
Sölufulltrúi
867 3707

Jóhanna
Lögg. fasteignasali
698 7695

Porsteinn
Sölufulltrúi
694 4700

Berglind
Lögg. fasteignasali
694 4000

Bjarni
Sölufulltrúi
895 9120



Póra
Lögg. fasteignasali
822 2225



Óskar
Sölufulltrúi
893 2499



Sigríður
Sölufulltrúi
699 4610



Steinar
Sölufulltrúi
661 2400



Edda
Lögg. fasteignasali
660 0700



Sigrún
Sölufulltrúi
857 2267



Garðar
Sölufulltrúi
899 8811



Halla
Lögg. fasteignasali
659 4044

FASTEIGNASALAN
UTORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson ífs.

Fasteignasala **TORG**
Garðatorgi 5
210 Garðabær
Sími 520 9595
www.fastorg.is

**KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR**



Síðan í haust hefur drekaskátasveitin starfað eftir nýjum dagskrárramma BÍ.S. Áherslan hefur verið á að drekaskátarnir fái sjálfir að velja verkefnin sem farið er í yfir veturinn.

Frá hausti hafa drekaskátarnir kynnt sér menningu Íslands og annarra þjóða.

En meðal verkefna sem skátarnir hafa unnið að eru að kynna þjóðarípróttum í öðrum löndum sem og að reyna að þróa sína eigin þjóðaríprótt. Einnig sköpuðu drekaskátarnir sitt eigið land og eigin furðudýr.

Drekaskátarnir glöddust mikið fyrir jól þegar snjórinn lét sjá sig. Var snjónum fagnað með því að byggja risa snjókarla, búa til snjóskúlpúra með kertum og auðvitað voru nokkrir snjóboltar mundaðir.

Segja má að mikið fjör ríki á fundum drekaskáta, þar sem leikir eru nýttir í að skoða samfélagið læra nýja hluti og velta fyrir sér ýmsu. Jólabingó drekaskáta sem er fjáröflun fyrir Önu Karínu, systur okkar í El Salvador var haldið og var þar fullur salur af bingóóðum skátum og foreldrum.

Síðustu helgina fyrir jól gistum við drekaskátarnir í Jötunheimum þar sem við tókum smá jólaafslöppun, fórum með jólagjafir undir jólatréð í Smáralind og töldum niður í jólahátíðina. Drekaskátarnir eru mjög skapandi réttsýnir og ímyndunaraflið er mjög fjörukt og hefur það auðgað starfið í vetur.

*Unnsteinn Jóhannsson
sveitarforingi*



Stjórn Vífils

Félagsforingi

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Aðstoðarfélagsforingi

Hildur Hafsteinsdóttir

Ritari

Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir

Gjaldkeri

Guðbjörg Þórðardóttir

Meðstjórnendur

Andri Gunnarsson

Hjálmar Örn Hinz

Unnsteinn Jóhannsson

Starfsmaður

Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir

Umsjónarmaður fasteigna

Brynjar Hólm Bjarnason

Formaður húsnefndar

Björn Hilmarsson

Glæsilegur salur í hjarta bæjarins

Salurinn á efri hæð Jötunheima er leigður út fyrir t.d. fermingar- og skírnarveislur, vinnu- og fræðslufundi. Þar eru sæti fyrir allt að 100 manns og er salurinn vel tækjum búinn. Skjávampi, sýningartjald og hljóðkerfi. Eldhúsið er mjög vel búið til þess að reiða fram veitingar. Allur borðbúnaður og stór og góð uppþvottavél.

Nánari upplýsingar er hægt að fá á vefsíðu félagsins www.vifill.is á skrifstofunni eða með því að senda póst á salur@vifill.is





Forsetamerkið afhent á Bessastöðum

Þann 28. september á síðasta ári náði ég þeim áfanga að hljóta forsetamerkið fyrir störf mín í skátunum.

Merkið var veitt á Bessastöðum og var það Hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti sem afhenti það. Stór hópur skáta af öllu landinu fékk merkið afhent en í þetta skiptið var ég sú eina úr skátafélaginu Vífli sem hlaut þessa viðurkenningu.

Núna í ár hef ég verið virk í skátastarfinu í fimm ár og af þessum fimm árum hef ég verið skátaforingi í þrjú ár.

Tveggja ára undirbúningsvinna

Til þess að geta hlotið forsetamerkið þarf maður að vera búinn að vera í skátastarfi í að minnsta kosti tvö ár og þar af eitt ár sem skátaforingi. Einnig þarf maður að skila af sér vinnubók þar sem fram kemur hvað maður er búinn að afreka í skátunum.

Með skátakveðju

Eyrún Ósk Stefánsdóttir

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Vissir þú að það er heyrnarþjónusta í þínu nágreppi?

Vertu velkominn

Fáið faglega ráðgjöf og heyrnartæki til reynslu

Bjóðum úrval af dönskum ReSound heyrnartækjum

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steriótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.



Sérsmíðum hlustarstykki með stuttum afgreiðslufresti. Fjölbreitt úrval af heyrnarsíum til að hlífa heyrninni.

Ellisif Katrín Björnsdóttir
Heyrnarfræðingur
veitir faglega ráðgjöf

Nánari upplýsingar
www.heyrn.is

Heyrn, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur 534 9600 heyrn@heyirn.is

Tímamantanir - 534 9600

PIZZAN

Fálkaskátar eru krakkar á aldrinum 10-12 ára. Við hittumst einu sinni í viku og er hægt að velja um miðvikudag eða fimmtudag kl. 17:00-19:00. Við skiptum hverjum fjórum fundum upp í þemu og vinnum út frá þeim. Þemur sem við höfum tekið í vetur eru „hike and bike“, eldur og eggvopn, veðravíti og tilraunir, draugar og dulúð. Síðasta sumar fórum við á Hraunbúamót í Krísuvík. Þar gistum við úti í tjaldi í mígandi rigningu og komu pollagallarnir að góðum notum þar.

Á móttíni fórum við í göngu, leiki, næturleik og fengum meira að segja coco puffs í morgunmat og margt fleira skemmtilegt.



Í vetur gistum við eina nótt í skátaheimilinu, vorum með jólaþema og fórum þar í næturleik um kvöldið og sprelluðum. Um morguninn skelltum við okkur síðan í sund á Álftanesinu.

Það sem er næst á dagskrá eru fundir, sveitarútilega á Úlfjótavatni og Landsmót skáta í sumar.

Fyrir hönd fálkaskátaforingja
Gréta Björg Unnarsdóttir



Fermingar í Bessastaðakirkju árið 2014

Prestur sr. Hans Guðberg Alfreðsson djákni Margrét Gunnarsdóttir

Laugardaginn 5. apríl kl 13:00.

Aþena Lind Vestm. Ágústsd.	Sjávargötu 9
Daníel Daníelsson Blöndal	Blikastíg 12
Ella Halldórsdóttir	Brekuskógum 3
Fannís Kara Guðnadóttir	Hólmatúni 43
Hlynur Gunnarsson	Kirkjubrekku 12
Inga Lilja Ásgeirsdóttir	Þýskalund.
Ída María Halldórsdóttir	Hólmatúni 15a
Jökull Ýmir Guðmundsson	Sjávargötu 17
Kjartan Matthías Antonsson	Brekuskógum 5
Magnús Hólm Einarsson	Smáratúni 11
Sara Renee Griffin	Helguvík
Sævar Axel Bjarnason	Norðurtúni 24
Sölvi Andrésen	Hólmatúni 31
Tómas Torrini Davíðsson	Kirkjubrekku 5
Tryggvi Þór Bogason	Hólmatúni 58
Viktor Tumi Ólafsson	Hólmatúni 38

Sunnudaginn 6. apríl kl 13:00.

Alex Ólafsson	Kirkjubrekku 19
Anna Bríet Bjarkadóttir	Asparholti 2
Birna Filippía Steinarsdóttir	Mjólkárviðkjun
Dagur Ernir Steinarsson	Mjólkárviðkjun
Elías Bjarnfinnur Hjaltason	Asparholti 4
Elin Hulda Gussiás	Ásbrekku 9
Halldóra Sólveig Einarisdóttir	Lambhaga 5
Hólmfríður Vigdís Rist Jónsd.	Háhæð 2
Jakob Fjolar Gunnsteinsson	Sjávargötu 19
Katrina Róbertsdóttir	Miðskógum 19
Linda Björt Hjaltadóttir	Blikastíg 17
Matthías Helgi Sigurðarson	Vesturtúni 21
Ragnheiður Elsa Snæland	Litlu-Brekku
Sigurður Detlef Jónsson	Bjamaðavör 10
Svandís Lilja Jónasdóttir	Birkiholti 3

Laugardaginn 12. apríl kl 13:00.

Aldís Ósk Mír Snorradóttir	Skólatúni 4
Aníta Björt Sigurjónsdóttir	Fálkastíg 7
Bjarki Vattnes Kristjánsson	Asparholti 2
Bolli Steinn Huginsson	Norðurtúni 8
Elisa Katrín Kristinsdóttir	Hátúni 5a
Elvar Ágúst Stefánsson	Kirkjubrekku 20
Erna Margrét Magnúsdóttir	Hólmatúni 10
Eva Karen Óskarsdóttir	Lúxemborg
Friðrik Helgi Guðmundsson	Birkiholti 2
Guðmundur Bjartur Júlíuss.	Austurtúni 18
Hugrún Ósk Dagsdóttir	Norðurtúni 2
Ingibjörg Þór Árnadóttir	Hólmatúni 45
Íris Eik Jónsdóttir	Lyngholti 19
Katrín Birta Haraldsdóttir	Suðurtúni 16
Stefán Logi Guðmundsson	Vesturtúni 51b



Ungmennir fædd 1996, 1997 og 1998 geta nýtt hvatapeninga til kaupa á korti í líkamsræktarstöð

Hvatapeningar fyrir káta krakka

Öll börn á aldrinum 5-18 ára í Garðabæ fá 27.500 kr. í hvatapeninga á árinu 2014.


- Þeir sem æfa með Stjórnunni geta lækkað greiðsluna um leið og þeir skrá barnið í gegnum skráningarkerfi Stjórnunnar.
- Þeir sem eru í Skátafélaginu Vífli eða sækja námskeið hjá Klifinu geta lækkað kröfuna með því að setja inn upplýsingar af greiðsluseðlinum um leið og þeir nálgast hvatapeningana í Mínum Garðabæ.
- Þeir sem sækja íþrótt- eða æskulýðsstarf annað greiða fullt gjald til félagsins og fá hvatapeninga endurgreidda gegn framvísun kvittunar.

Ítarlegar leiðbeiningar um notkun hvatapeninga eru á vef Garðabæjar, gardabaer.is.



GARÐABÆR

grafilaug 2014



Hvaða geisli hentar þér ?



Leitarljós
Kastarar
Vasaljós
Höfuðljós
Útivistarljós
Handljós
Vinnuljós
Hleðsluljós

ÍSMAR
Við mælum með því besta

Síðumúla 28 - 5105100 - ismar.is



FALLEGT FYRIR FERMINGARBARNIÐ – GEFÐU GJÖF SEM ERFIST Á MILLI KYNSLÓÐA

Sölustaðir: ICELANDAIR Saga Shop, Meba Kringlunni, Meba Rhodium kringlunni og Smáralind, GP skartgripir Bankastræti, Kastanía, Gullauga Ísafirði, Georg V, Hannah Reykjanesbæ, Karl R. Guðmundsson Selfoss, Raven Laugavegi, Dyrfinna Torfa Akranesi og JB Akureyri.

Veradesign.is | Veradesign by Guðbjartur og Íris | Sí: 663-6969 | Garðatorgi 7 | Garðabæ

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast árið 2014

Fermingar í Garðasókn vorið 2014. Prestar eru sr. Friðrik J. Hjartar og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir

Vidalínskirkja 29. mars kl. 10:30

Árni Bent Þráinsson	Nónhæð 1
Benedikt Sverrisson	Hrísmóum 13
Bergur Tareq T. Einarsson	Strandvegi 12
Björn Gústav Jónsson	Löngumýri 24
Diljá Daðadóttir	Krókamýri 78
Einar Kári Guðmundsson	Holtsbúð 3
Elisabet Vilhjálmisdóttir	Garðaflöt 11
Guðni Snær Stefánsson	Ásbúð 73
Hafrún Lind Guðbrandsd.	Ásbúð 48
Hildur Katrín Arnarsdóttir	Ásbúð 78
Hrafnhildur Ólafsdóttir	Brekkubyggð 12
Ingi Rúnar Birgisson	Greniási 9
Ísabella Rós Þorsteinsdóttir	Lyngási 6
Ísak Þorsteinsson	Kirkjubrekku 21
Kári Georgsson	Skógarlundi 12
María Matthíasdóttir	Hæðarbyggð 4
Pétur Máni Þorkelsson	Strandvegi 16
Selma Björk Baldursdóttir	Hrísholti 11
Soffía Ásbjörg Grétarsdóttir	Holtsbúð 29
Stefanía Elín Petersen	Bæjargili 31

Garðakirkja 29. mars kl. 13:00

Agnes Gunnarsdóttir	Kornakri 1
Árni Dagur Guðmundsson	Eikarási 10
Ásdís Milla Magnúsdóttir	Furuási 7
Ástrós Magnúsdóttir	Bæjargili 97
Bára Þorsteinsdóttir	Greniási 10
Erla Rós Bjarkadóttir	Norðurbrú 4
Jóhanna María Sæberg	Urðarási 2
Karen Harðardóttir	Kornakri 8
Kolbrún María Einarsdóttir	Staðarhvammi 3
María Björg Fjölisdóttir	Hegranesi 19
Ragnheiður Íunn Gunnarsd.	Nýjabæ
Renata Birna Einarsdóttir	Draumahæð 3
Stefán Orri Eypórsson	Markarflöt 39
Tómas Elí Jafetsson	Greniási 11
Þórunn Rebekka Ingvarsd.	Tunguási 4

Garðakirkja 30. mars kl. 10:30

Arnar Jökull Laxdal	Lindarflöt 30
Bergdís Björk Bergmann	Aratúni 3
Daniel Patrick Ásmundsson	Hofakri 7
Daníel Breki Johnsen	Ögurási 7
Daníel Heiðar Tómasson	Árakri 1
Gerður Ævarsdóttir	Birkiási 24
Halldór Andri Atlason	Klettási 9
Ívar Bjarki Hólm	Holtsbúð 19
Leó Steinn Larsen	Klettási 17
Máni Magnússon	Kaldakri 6
Snorri Björn Snorrason	Sunnufli 30
Vilborg Eva Guðmundsdóttir	Faxatúni 38

Vidalínskirkja 30. mars kl. 13:00

Aron Ingi Ásgeirsson	Steinási 9
Birgir Gauti Stefánsson	Línakri 6

Birgitta Hrönn Hinriksdóttir	Engimýri 10
Einar Ólafsson	Kornakri 3
Elín Helga Ingaðóttir	Lindarflöt 32
Eydís Inga Einarsdóttir	Óttuhæð 1
Eygló B. Schiöth Gunnarsd.	Árakri 1 Hans
Ottó Tómasson	Góðakri 4
Jóhannes D. Patreksson	Blikanesi 8
Karl Magnús Kristjánsson	Ásbúð 32
Magnús Friðrik Helgason	Eikarási 7
Rannveig Eyja Árnadóttir	Prastarlundi 13
Sonja Rut Arnþórsdóttir	Suðurholti 11
Sóley Jasmín Sigurbjörnsd.	Stígprýði 1
Valdís Arnaldardóttir	Blómahæð 6
Víktor Ingi Prastarson	Stekkjafli 14
Þórður Helgi Friðjónsson	Holtsbúð 26

Vidalínskirkja 5. apríl kl. 10:30

Anna Katrín Kristinsdóttir	Dalsbyggð 23
Birta G. Karlsd. Andreassen	Ægisgrund 6
Gústav Lúðvíksson	Lindarflöt 50
Iðunn Jóhannsdóttir	Bæjargili 91
Índiana Lind Gylfadóttir	Heiðarlundi 15
Ingimar Birnir Tryggvason	Smáraflöt 11
Jóhann Karl Farestveit	Hvannalundi 19
Kristný Þorgeirsdóttir	Holtsbúð 52
Ólöf Ragnheiður Kristjónsd.	Hallakri 2b
Páll Viðar Hafsteinsson	Krókamýri 60
Ragnar Már Birgisson	Brekkuási 11
Snæbjörn Jökulsson	Furulundi 5
Sunna Björk Hákonardóttir	Sunnufli 13
Valgarður Hilmarsson	Löngumýri 53
Vigdís Elva Hermannsdóttir	Löngumýri 28
Þorgrímur Schram	Súlunesi 33
Þóra Dagný Stefánsdóttir	Dalakri 7

Garðakirkja 5. apríl kl. 13:00

Agnes Björk Brynjarsdóttir	Mosprýði 4
Brynja Björk Brynjarsdóttir	Birkiási 15
Emilía Bergmann Hákonard.	Marargrund 9
Fjóla Ósk Guðmannsdóttir	Arnarási 13
Freya Melanie Rut Guðjónsd	Aratúni 23
Hilmir Hlér Hannesson	Asparási 5
Ingibjörg Iða Auðunardóttir	Einilundi 1
Jón Alfreð Sigurðsson	Strandvegi 16
Katla Margrét Aradóttir	Brekkuási 9
Katrín Ynja Hrafnkelsdóttir	Hæðarbyggð 14
Kristmundur O. Magnússon	Lyngmóum 11
Nökkvi Már Nökkvason	Strandvegi 16
Óliver Andri Ásgeirsson	Hraunsholtsv. 3
Salka Kristinsdóttir	Strandvegi 18
Sóley Björk Þorsteinsdóttir	Stórakri 9

Garðakirkja 6. apríl kl. 10:30

Ágúst Ingi Bragason	Móafli 20
Birgir Steinn Blöndal	Kríunesi 14
Briet Eva Gísladóttir	Móafli 2

Gabríela Rós Svövdóttir	Breiðási 9
Guðbjörg Halldórsdóttir	Hegranesi 7
Guðrún Ísabella Kjartansd.	Eskiholti 7
Hrannar Örn Eypórsson	Holtsbúð 42
Índiana Ýr A Björnsdóttir	Súlunesi 16
Ívan Jökull Pallé	Arnarási 1
Jóhanna Guðrún Jóhannsd.	Lyngási 2
María Greta Magnúsdóttir	Ögurási 3
Nanna Guðrún Sigurðard.	Engimýri 1
Patrik Orri Pétursson	Jafnakri 7
Pétur Þór Einarsson	Klukkvöllum 9
Sigurður Fannar Finnsson	Holtsbúð 48

Vidalínskirkja 6. apríl kl. 13:00

Andri Már Steinarsson	Birkiási 16
Bryndís Helga Bragadóttir	Hallakri 3
Daníel Tjörvi Hannesson	Arnarási 11
Fannar Logi K Þórarinsson	Lynghólum 11
Garðar Valur Hauksson	Goðatúni 7
Hafrún Helga Guðmundsd.	Melási 5
Halldóra Gísladóttir	Lindarflöt 26
Hugi Snær Hlynsson	Bæjargili 126
Karen Eva Karlsdóttir	Goðatúni 19
Kristófer Leví Sigtryggsson	Haukanesi 16
Lárus Björnsson	Löngulínu 7
María Nína Gunnarsdóttir	Hraunhólum 23
Oliver Glick	Skrúðási 12
Ólafur Bjarni Hákonarson	Kríunesi 8
Páll Hróar Beck Helgason	Fífumýri 15
Theodóra Ýr Einarsdóttir	Ásbúð 20
Valur Jóhannsson	Súlunesi 22
Veigar Örn Þórarinsson	Hrísmóum 1
Vigdís Sveinbjörnsdóttir	Góðakri 5

Garðakirkja 12. apríl kl. 10:30

Auður Indriðadóttir	Ásbúð 94
Birkir Björn Reynisson	Hraunási 8
Björn Thomasson	Hörgslundi 8
Breki Sigurðarson	Skeiðakri 4
Dagur Waage Ragnarsson	Ögurási 8
Einar Theodór Hinz	Sviss
Guðmundur Jónsson	Ægisgrund 16
Hilmar Snær Örvarsson	Holtsbúð 69
Inga Huld Ármann	Línakri 3
Íris Eva Magnúsdóttir	Greniási 12
Jónína Marín Benediktsdóttir	Brekkuási 3
Kristján Gabríel Kristjánsson	Ögurási 7
Óli Fannar Þorvarðarson	Bæjargili 127
Pétur Breki Blöndal Haraldss	Bæjargili 111
Sindri Snær Sigurðarson	Tjarnarflöt 1

ATHUGIÐ:

Ekki er tekið við
skeytapöntunum hjá Vífli
Panta skal í síma 1446
eða á www.postur.is





PÓSTURINN

MUNDU EFTIR SKEYTUNUM!

Skeyti eru fermingarkveðjur sem endast áratugum saman og vekja ljúfar minningar. Varðveitum þessa fallegu hefð og sendum fermingarbörnum 2014 skeyti.

Fyrir fjarstadda aðstandendur eru **persónuleg skeyti** með ljósmynd úr eigin myndasafni sniðug leið til að slá í gegn hjá fermingarbarninu .

Nánari upplýsingar á postur.is og í síma **1446**



SKEYTI

Elsku Þórdís mín.

Innilega til hamingju með fermingardaginn.
Mínar bestu óskir um bjarta framtíð.

Ótrúlegt hvað stutt er síðan þú myndskreyttir
forstofuvegginn minn.

Áslaug frænka á Siglufirði.

PÓSTURINN



Of Monsters and Men tónleikar

Stórtónleikar með hljómsveitinni Of Monsters and Men voru haldnir á Vífilsstaðatúninu 31. ágúst 2013 og var Vífill með sölutjald í samstarfi við skátafélagið Svani á Álftanesi. Selt var kandífloss í bílförnum, heitt kakó og kaffi í lítravís ásamt ljúffengum kleinum og sjoppuvarningi. Það var ánægjulegt fyrir okkur skáta í Garðabæ að vera þátttakendur í eins fjölmennum og glæsilegum viðburði og tónleikarnir voru



Hreinsunardagur

Fimmtudaginn 11. apríl var haldið hreinsunaráttak í samvinnu við hjálparsevitina. Skátar, foringjar, stjórn, foreldrar og félagar HSG hreinsuðu og fegruðu nánasta umhverfi Jötunheima. Átakið er liður í hreinsunaráttaki Garðabæjar og er orðið að árlegum viðburði hjá Vífli og HSG. Félagar í HSG hreinsuðu opna svæðið við Arnarnes, en skátarnir hreinsuðu umhverfis Jötunheima, meðfram læknum og við Hafnarfjarðarveg. Margvíslegt var nú ruslið sem fannst og meðal annars heilt reiðhjól í læknum. Öllu

var safnað í stóran haug við Jötunheima. Að verki loknu var grillað og slegið á léttu strengi að skátasið.



Félagsútilega

Helgina 25. – 27. október 2013 var farið í árlega félagsútilegu Vífils. Gist var í skála Víkings og ÍR í Bláfjöllum. Umhverfið í kringum hann er einstaklega skemmtilegt þar sem hægt er að leika sér úti í snjónum eða skoða stjörnurnar að næturlagi. Markmið félagsútilegu er að efla félagsandann, þjálfa skátana í útlífi og skátaleikjum ásamt því að efla sjálfstæði þeirra. Yngstu drekaskátunum bauðst að koma í heimsókn á laugardegnum og taka þátt í dagskrá fram á kvöld. Alls voru rúmlega 80 skátar í félagsútilegunni, skátar, foringjar, stjórn og félagar úr baklandinu. Þema útilegunnar, *kúrekar* og *indíánar*, heppnaðist mjög vel og stóðu skátarnir sig með afbrigðum vel.

Prjónakonur Vífils

Vífill hefur nú haldið tvö prjónakvöld síðastliðinn vetur. Mjög góð mæting var á bæði kvöldin og áttu þeir sem mættu



notalega stund og var mikið prjónað. Markmið prjónakvöldsins er að bjóða upp á gefandi samveru og skapa vettvang fyrir þá sem hafa gaman af því að prjóna og hitta annað fólk með sama áhugamál.



Jólabingó

Hið árlega jólabingó skátafélagsins til styrktar SOS-fósturbarni Vífils var haldið þriðjudaginn 26. nóvember. Fósturbarn Vífils, Ana Karina Gonzales Hernández, býr í El Salvador og er fædd 14. febrúar 1995 en Vífill hefur styrkt hana í mörg ár. Bingóið var í umsjón drekaskátasveitarinnar Furðufugla og gekk afar vel. Mikið úrval var af veglegum vinningum. Góð aðsókn var að bingóinu og í hléi voru seldar pizzur og gos og rann andvirðið til styrkar Önu Karinu.

Innleiðingarnámskeið

Síðustu árin hafa mörg skátabandalög í nágrennalöndunum verið að endurnýja og breyta sínum dagskrárgrunni og ýmsar nýjar handbækur hafa verið gefnar út. Hjá Bandalagi íslenskra skáta hefur mikil vinna verið sett í að gera nýjar bækur fyrir foringja og skáta á öllum aldurstigum og var tekið mið af miklum breytingum sem írska skátabandalagið gerði hjá sér. Nýja efnid er nú tilbúið og hafa nýju bækurnar slegið í gegn, enda alveg frábærar og sérstaklega vandaðar.

Sérstök innleiðingarnámskeið fyrir skátafélögin hafa verið haldin þar sem efni

Þessara bóka er kynnt. Vífill fékk til sín fulltrúa frá BÍS þar sem stjórn og foringjahópurinn fékk innsýn í nýju bækurnar og „Skátaaðferðina“. Ýmsar breytingar hafa því verið að koma inn í skátastarf flokka og sveita og ekki spurning um að þetta á eftir að slá í gegn.

Undirritaður þjónustusamningur


Vífill hefur í allmörg ár verið með þjónustusamning við Garðabæ og hefur hann verið endurnýjaður og endurbættur reglulega. Nú síðasta sumar var samningurinn endurnýjaður til eins árs og kom bæjarstjórinn Gunnar Einarsson á foreldrafund til okkar til að skrifa undir.





FERLI www.ferli.is
Umboðsaðili á Íslandi
Hlíðasmára 8, Kópavogi
sími 544 5888

€ZEE hótélkerfi

Skráning og meðhöndlun bókana
Eigin bókunarvél
Tengingar við erlendar bókunarvélar
Veitingahúsakerfi



Fjölbreyttar
sýningar allt árið



**HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS** MUSEUM OF DESIGN
AND APPLIED ART

Garðatorgi 1
sími 512 1525
www.honnunarsafn.is

Opið alla daga
kl. 12 - 17
Lokað mánudaga

Sumarnámskeið skátafélagsins Vífils 2014

Sumarnámskeið Vífils eru skemmtileg og fjölbreytt námskeið fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 12 ára. Vífill hefur haldið sumarnámskeið í 25 ár.

Reyndir foringjar

Námskeiðum á vegum Vífils er stýrt af reyndum skátaforingjum sem hafa margra ára reynslu af skátastarfi að baki. Þeir eru þaukunnugir útlífi og stjórnun í skátastarfi og hafa mikla reynslu af að vinna með ungum Garðbæingum.

Góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í að sinna einstaklingnum á uppbyggilegan hátt. Dagskrá námskeiðsins endurspeglar langa reynslu félagsins af þessari vinnu.

Boðið er upp á

- Smíðavöll fyrir 6-12 ára
- Grallaranámskeið fyrir 6-7 ára
- Ævintýranámskeið fyrir 8-10 ára
- Útlífsnámskeið fyrir 10-12 ára haldin í samvinnu við skátafélagið Svani

Tími

Öll námskeiðin standa í eina viku frá kl. 9:00–16:00 Boðið er upp á gæslu fyrir börnin frá kl. 8:00 og milli kl. 16:00 og 17:00

Verð

Þátttöku- og efnisgjald er frá kr. 8.000-10.000. Veittur er 10% systkinaafsláttur. Ef nýta á gæslu er 1.000 kr gjald pr. viku.



Skráning hefst 20. maí á www.vifill.is

Takmarkaður fjöldi þátttakenda er á hvert námskeið. Greiða þarf námskeið við skráningu!

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.vifill.is.

Frekari upplýsingar má fá með því að senda tölvupóst á sumar@vifill.is eða með því að hringja í síma 565-8820 eða 899-0089.

Dagsetningar fyrir grallaranámskeið:

Vika 1	10. júní – 13. júní
Vika 3	23. júní – 27. júní
Vika 4	30. júní – 4. júlí
Vika 6	14. júlí – 18. júlí
Vika 8	11. ágúst – 15. ágúst



Dagsetningar fyrir ævintýranámskeið:

Vika 1	10. júní – 13. júní
Vika 2	16. júní – 20. júní
Vika 3	23. júní – 27. júní
Vika 4	30. júní – 4. júlí
Vika 5	07. júlí – 11. júlí
Vika 6	14. júlí – 18. júlí
Vika 7	5. ágúst – 8. ágúst *
Vika 8	11. ágúst – 15. ágúst *

Dagsetningar fyrir smíðanámskeið:

Vika 1	10. júní – 13. júní
Vika 2	16. júní – 20. júní
Vika 3	23. júní – 27. júní
Vika 4	30. júní – 4. júlí
Vika 5	7. júlí – 11. júlí
Vika 6	14. júlí – 18. júlí

Dagsetningar fyrir útlífsnámskeið:

23. júní – 27. júní *
7. júlí – 11. júlí *

(námskeiðið er háð þátttöku) *



Dróttskátasveitin Fenris heldur fundi alla mánudaga kl. 20:00

Sveitinni er skipt í tvo flokka sem starfa saman á fundum þrisvar í mánuði og er fjórði fundurinn sveitarfundur.

Margvíslegt starf

Ýmislegt skemmtilegt var gert á fundum hjá dróttskátum í vetur eins og t.d. útiöldun, smíðuð fuglahús, unnið að gerð myndasafns Vífils, skyndihjálp og ýmislegt fleira. Dróttskátarnir fóru í sveitarútilegu í Vífilsbúð í mars og tóku þátt í Viðeyjarmóti Landnema í júní. Í haust gengu fjórir nýir skátar úr fálkaskátum upp í dróttskáta og voru þeir vígðir í félagsútilegu Vífils í nóvember.

Dróttskátarnir hafa tekið virkan þátt í viðburðum á vegum Bandalags íslenskra skáta og má þar nefna vetraráskorun Crean, Ds. Vitleysu og Smiðjudaga.

Dróttskátar öflugur hópur

Dróttskátarnir tóku einnig virkan þátt í



undirbúningi og framkvæmd hátíðarhalda á sumardaginn fyrsta og 17. júní í Garðabæ og stóðu sig þar með stakri þryði.

Þökkum fyrir frábært starfsár
Eva Lára, Guðrún Þórey,
Jóhann Malmquist Jökna og
Magnús Jökull

Komdu í skátana!

Fundatímar:

Drekaskátar (7-9 ára) stúlkur og drengir þriðjudagar 17:00 – 18:30

Fálkaskátar (10-12 ára) stúlkur og drengir miðvikudaga eða fimmtudaga 17:00 – 19:00

Dróttskátar (13-15 ára) stúlkur og drengir mánudaga 20:00 – 22:00

Rekkaskátar (16-18 ára) fimmtudaga 20:00 – 22:00

Skráning á www.vifill.is
Félagsgjöld kr. 25.000 eru innheimt í tvennu lagi fyrir og eftir áramót og hægt er að nýta hvatapeninga.

Apótek
Garðabæjar

**Ódýrt og
í alfaraleið**

Góð og persónuleg þjónusta

**Við hliðina
á Hagkaup!**

Sími 577 5010

Litlatúni 3 ■ 210 Garðabæ ■ apotekgb.is

DREKASKÁTAR 7 – 9 ÁRA

Lífið er ævintýri

Starfsvettvangur drekaskáta er þéttbýlið líf í borg og bæ. Drekaskáta læra að þekkja umhverfi sitt, hættur í daglegu lífi og rétt viðbrögð við þeim. Lögð er áhersla á ævintýrið, hjálpsemina, glaðværðina og umgengni um náttúruna.

FÁLKASKÁTAR 10 – 12 ÁRA

Hið ókannaða

Starfsvettvangur fálkaskáta er láglendið og tjaldbúðin. Hér fær ævintýraþráin frekari útrás og nýjar slóðir kannaðar.

Í fjölbreyttum verkefnum er lögð áhersla á útilífið ásamt félagslyndi, hópefli, samvinnu og hreyfingu.

DRÓTTSKÁTAR 13 – 15 ÁRA

Saman

Starfsvettvangur dróttskáta er Heiðin og fyrstu kynni af fjallamennsku. Sjálfstæðið eykst og verkefnið verða meira ögrandi. Nefna má gönguferðir, næturleiki, útieldun og frumraun í fjallamennsku, allt í hópi jafningja sem marka leiðina saman.



REKKASKÁTAR 16 – 18 ÁRA

Farðu alla leið

Starfsvettvangur Rekkaskáta er hálandið allan ársins hring. Nú er stefnan sett alla leið og er forsetamerkið lokatakamerkið.

Rekkaskáta njóta lífsins í fjölbreyttri náttúru með vinum. Verkefni eru margvisleg, til dæmis krefjandi útilíf, stærri viðburðir og skátamót, alþjóðastarf og markviss leiðtogaþjálfun. Í þessu starfi eru tækifærin óendanleg.

RÓVERSKÁTAR 19 – 22 ÁRA

Ferðin

Starfsvettvangur Róverskáta er heimurinn allur. Róverskáta hafa heiminn í hendi sér. Ferð þeirra ræðst nú alfarið af áhugamálum þeirra sjálfra. Róverskáta velja sinn starfsvettvang sjálfir hvort sem það er foringjastarf, starf með björgunarsveit sjálfbóðaliðastarf í Afríku eða annað, allt í frábærum félagsskap. Leiðtogaþjálfun skátahreyfingarinnar skilar sér í frumkvæði sjálfstæði og vináttu í raun.



Vertu ískaldur
og gefðu
Gjafakort sem
gleður

ÍSBUÐIN
KJÓRIS
KRINGLUNNI · SMÁRALIND · GARÐABÆ
www.isbud.is

Kringlunni, Smáralind & Garðabæ

Mekonomen

Við léttum þér lífið með bílnum



Bilaverkstæði
Varahlutaverslun
Dekkþjónusta
Smurþjónusta

Smiðsbúð 2 - Garðabæ

Pegar ég fékk staðfest að ég kæmist á Crean vetraráskorun varð ég himinlifandi sérstaklega af því að ég þekki nokkra aðra sem voru að fara.

Mikið vetrarævintýri

Margir vita ekki hvað vetraráskorun Crean er en það er áskorun þar sem tjaldað er uppi á heiði í -14°C frosti og gengið næstum 20 km með bakpoka um vetur til þess að reyna að endurskapa eitthvað af upplifunum Tom Creans á Suðurlánum. Hann fór þangað PRISVAR sinnum og lenti í rosalegum hremmingum seinni tvö skiptin. T.d. var hann fastur á skipi sem var frosið fast úti á hafi við Pólinn. Allt þetta og margt fleira gerði ég ásamt íslenskum skátum írskum skátum og krökkum úr unglingadeild björgunarsveitarinnar í vetur.

Margar útilegur

Þetta voru þrjár útilegur (í nóvember, í janúar og svo endaði þetta á einni dásamlegri viku með 24 írum í febrúar. Fyrsta útilegan var í skála í Mosfellsdal sem heitir Þristur og þar kynntumst við öll og fengum að vita hvernig dagskráin yrði í meginatriðum. Við fórum í gönguferðir og lærðum hvernig á að klæðast og hvað þarf að undirbúa.

Í útilegunni í febrúar tókum við eitt kvöld í að undirbúa og gera okkur klár fyrir nótt á Hellisheiðinni í tjaldi (það var svolítið kalt).

Eftir þá nótt gengum við til baka á bak við fjallið aftan við virkjunina uppi á Hellisheiði og það var einmitt daginn sem

Hellisheiðinni var lokað vegna veðurs. Mér fannst þetta vera eitt það erfiðasta við Crean áskorunina.

Skemmtilegir írar

Í febrúar var loka vikan og þá fyrst hittum við írsku skátana sem voru mjög skemmtilegir allir og áhugasamir um allt og alla. Í þessari viku eignaðist ég fullt af vinum, gekk næstum 20 km á einum degi, gerði snjóhús mjög hátt uppi í mjög brattri brekku og skemmti mér konunglega.

Ef ykkur býðst að fara á Crean og dettur í hug að þið getið kannski mögulega sótt um, þá skulið þið endilega gera það!

Huldar Hlynsson



Klæðningar og viðgerðir á gömlum húsgögnum



Bólstrun
Asgrims P. Asgrims

Sérhæfi mig í eldri gerðum húsgögnum



lönubúð 5 - 210 Garðabæ - Sími: 554 1133 - asgrimur@bolstra.is



Í gegnum árin höfum við í Skátafélaginu Vífli verið svo heppin að hafa fullorðna skáta, eldri féлага eða áhugasama foreldra sem hafa komið okkur til aðstoðar í ákveðnum viðburðum í starfi félagsins. Einhvern veginn gerðist það svo hægt og hljótt í áranna rás að upp byggðust dagskrárliðir starfsársins þar sem fullorðnir komu æ meira til aðstoðar. Þessi frábæri hópur í Vífli sem frá upphafi hefur verið kallaður Baklandið er því eiginlega skátasveit... en samt ekki.

Óformlegt starf

Starfið er mjög óformlegt en viðburðirnir eru fjöldamargir og nú er svo komið að Baklandið tekur meira og minna þátt í öllum viðburðum á félagsvísu. Við förum í félagsútilegur, yfirtökum eldhúsið þar og eldum í skátana en á meðan sjá skátaforingjarnir um að leiða dagskrá útilegunnar. Í síðustu félagsútilegu í Bláfjöllum var svo mikið fjör í eldhúsinu að við skiptum okkur í nokkur holl.

Við undirbúum kaffisölu og dagskrá sumardagsins fyrsta með foringjunum en þá er afmælisdagur Vífils með skátamessu skrudgöngu og tilheyrandi. Á sautjándu júní tókum við öll á því og reisum svið,

sjopputtjöld, hoppukastala og aðstoðum við dagskrárliði dagsins. Á Landsmótum er svo Baklandið með í för og er fararstjórn til aðstoðar.

Baklandið alltaf með

Í innritun að hausti er Baklandið á vaktinni og líka í jólaboði Vífils þegar við bjóðum fjölda manns, fáum okkur hangikjöt og horfum á spaugileg atvikifrá liðnu starfsári.

Svo er það aðallangtímaverkefni Baklandsins en það er tiltektin. Í upphafi byrjaði þetta nú allt á því að húa saman nokkrum til að taka til hendinni í skátaheimilinu og skálanum. Við auglýstum þá auðvitað kvöldið sem „Taktu Til Hendinni“ sem við skammstöfuðum í TTH.

Mikið fjör í TTH

Skemmst er frá því að segja að TTH kvöldin hafa verið svo skemmtileg að fljótlega kom upp sú hugmynd að kalla TTH kvöldin frekar TilTektarHátíð. Á dæmigerðu TTH-kvöldi erum við kannski að yfirfara búnað félagsins mála eða laga það sem þarf að laga en allra merkilegasti hluti kvöldsins er auðvitað lögboðni kaffitíminn sem oft vill nú lengjast veru-

lega. Ótrúlegt en satt þá eiga félagar í Baklandinu svo sínar stundir þar sem ekki er verið að taka til, en alltaf á vorin og haustin tókum við þátt í óvissuferðum félagsins þar sem foringjum er þakkað fyrir frábær störf.

Óformleg árshátíð Baklandsins er svo þegar við förum öll á Þorablótið í bænum en það er ein af fáum hátíðum í bænum, þar sem við göngum inn og erum þátttakendur.

Nú í vetur var bryddað upp á ýmsum nýjungum eins og þrjónakvöldum og fluguþýtingum og klárlega verður okkur komið á óvart á næsta TTH-kvöldi. Við í Baklandinu hvetjum alla sem áhuga hafa að kíkja til okkar !



Áslaug Óskarsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Úlfhildur Leifsdóttir

TANNLÆKNAR

Garðatorg 7

Áslaug Óskarsdóttir - 565-9080

Guðrún Jónsdóttir - 565-9070

Úlfhildur Leifsdóttir - 565-9077



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar S: 565-6680




Sími 546-1720 Garðatorgi

Cleó



Sonja Guðrún Raket

HÁRSNYRTISTOFA

Garðatorgi 3 · Garðabæ · S: 565 6465 



ENGILBERT Ó. H. SNORRASON
TANNLÆKNIR

GARÐATORGI 3 • 210 GARÐABÆ
SÍMI 565 6844 • BERTI@INTERNET.IS



GARÐATORGI 7

Sigurgísli Ingimarsson
tannlæknir

Garðatorgi 3 - 565 5588



Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðabæinga sem og alla aðra til að nýta sér þeirra þjónustu



Garðatorgi 7

Jens Þórisson Björn Már Ólafsson



Fermingargjöf fyrir framtíðarfólk

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er góð fermingargjöf

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur og frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Framtíðarreikningur ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því góður valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

Leggðu fermingarpeningana inn á Framtíðarreikning

Þeir sem leggja fermingarpeningana sína, 30.000 kr. eða meira, inn á Framtíðarreikning Íslandsbanka geta fengið **5.000 kr. í mótframlag** inn á Framtíðarreikninginn sinn.*

*Eitt framlag fyrir hvert fermingarbarn

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Íslandsbanki